

LAGNING TVEGGJA LJÓSLEIÐARASÆSTRENGJA FARICE, FRÁ ÍSLANDI TIL DANMERKUR OG ÍSLANDI TIL GRÆNLANDS

Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 9. apríl 2008 tilkynnti Farice um fyrirhugaða lagningu tveggja ljósleiðarasæstrengja, frá Íslandi til Danmerkur og Íslandi til Grænlands, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitastjórnar Rangárþings eystra, bæjarstjórnar Vestmannaeyjarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi eystra með bréfi dags. 29. apríl 2008, bæjarstjórn Vestmannaeyjarbæjar með bréfi dags. 10. maí 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. apríl og tölvupósti 7. maí 2008, Hafrannsóknastofnuninni með bréfum dags. 8. maí og 26. júní 2008, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 6. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 30. apríl og 10. júlí 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Farice með bréfi dags. 30. apríl 2008 og tölvupósti 7. maí 2008, sem svör við athugasemdum Fornleifaverndar, og með tölvupósti dags. 24. júní 2008, sem svar við umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar og með bréfi dags. 17. júlí sem svar við frekari umsögn Umhverfisstofnunar.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áformað sé að leggja ljósleiðarasæstreng (DANICE) annars vegar milli Íslands og Danmerkur og hins vegar milli Íslands og Grænlands og þaðan áfram til Nýfundnaland (Greenland Connect). Tilgangurinn er að auka öryggi Íslands í samskiptum við umheiminn, með því að tvöfalda framboð sambanda um sæstrengi til annarra landa.

Fram kemur að úr suðri muni leiðir sæstrengjanna sameinast skammt sunnan við Vestmannaeyjar og liggja samhliða þaðan í sveig vestur fyrir Vestmannaeyjar og í land á Landeyjarsandi, í landi Hallgeirseyjar í Rangárþingi eystra, u.þ.b. 10 km vestan fyrirhugaðrar hafnar í Bakkafjöru.

Fram kemur að á Landeyjarsandi, rúmlega kílómetra frá ströndinni, sé fyrirhugað að reisa um það bil 400 m² hús (landtökustöð), sem muni hýsa endabúnað fyrir báða sæstrengina. Einnig sé fyrirhugað að byggja upp fyrirbyggjandi vegslóða (rúmlega 500 m langan) sem liggja út frá vegi nr. 252 í Austur-Landeyjum niður að fyrirhugaðari landtökustöð. Framkvæmdaraðili telur að efnisþörf framkvæmdarinnar verði alls um 4.000 m³ vegna fyllingarefnis í vegslóða að landtökuhúsinu, púða undir byggingu og bílaplan.

Fram kemur að á landi verði um 20 m á milli strengjanna og þeir plægðir niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi. Gengið verði frá yfirborði í sama horf og áður var. Við langningu ljósleiðara í sjó gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að næst landi, þar sem kapalskipi verði ekki við komið (grynna en 15 m), muni kafarar grafa strengina niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi. Fram kemur að strengirnir verði lagðir með kapalskipi þegar sjávardýpi verði meira en 15 m. Gert sé ráð fyrir að fjarlægð á milli strengja verði að lágmarki 500 m en þó aldrei minni en þrefalt dýpi á hverjum stað (á 200 m dýpi megi fjarlægð milli strengja t.d. ekki vera minni en 600 m). Áður en lagning hefjist verði slæðingartæki dregið yfir fyrirhugaða leið ljósleiðara til þess að hreinsa botninn af brotum og rusli, t.d. togvírurum og gömlum köplum. Að slæðingu lokinni verði strengirnir plægðir ofan í botninn með sérstökum plógi. Skurður plógsins verði u.þ.b. 0,75 m breiður en breidd plógsins sjálfs verði 5 metrar. Ef þvera þurfi fyrirbyggjandi kapla eða aðrar lagnir sé gert ráð fyrir að plögnum verði lyft og strengurinn lagður þar á botninn. Síðar verði hann grafinn með vatnsbyssu (neðansjávarsmúl). Á djúpsævi og hraunasvæðum eða þar sem sjávarbotninn er mjög harður, verði strengirnir lagðir ofan á botninn.

Áhrif á núverandi landnotkun. Landtökustaður: Fram kemur að á landtökustað verði strengirnir plægðir í sandfjöru rúmlega kílómeters leið frá strönd upp að fyrirhuguðu landtökuhúsi. Framkvæmdaraðili telur að ummerki í fjörunni eftir plæginguna hverfi fljótt. Einu varanlegu ummerkin verði siglingamerki sem vari sæfarendur við strengjunum.

Fiskveiðar: Fram kemur að val á leið sæstrengjanna hafi verið unnið í samráði við Landsamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ). Taldi LÍÚ mikilvægt að á landgrunninu yrðu strengirnir lagðir sömu leið og eins þétt saman og mögulegt verði. Því sé áætlað að strengirnir liggi samhliða í sveig vestur fyrir Vestmannaeyjar og reynt verði að krækja fyrir veiðislóðir á svæðinu.

Verndarsvæði: Í gögnum kemur fram að sú ætlun framkvæmdaraðila að leggja leiðara utan veiðislóða geri það að verkum að á u.þ.b. 2,5 km kafla þurfi að leggja strengina innan suðvesturhorns verndarsvæðis við Surtsey. Þó muni þeir ekki liggja innan þess hluta verndarsvæðisins þar sem bannað er að veiða með botnveiðarfærum. Telur framkvæmdaraðili sig þannig reyna að fara bil beggja eins og mögulegt sé.

Áhrif á menningarminjar. Í gögnum kemur fram að engar fornminjar séu skráðar á því svæði sem framkvæmdin taki til. Ef fornleifar finnast muni framkvæmdaraðili tilkynna fundinn og hafa fullt samráð við Fornleifavernd ríksins um aðgerðir.

Áhrif á botndýralíf og búsvæði. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að á þeim kafla sem sæstrengirnir verði grafnir niður af köfurum með neðansjávarsmúl, muni skurðgröfturinn valda staðbundinni röskun búsvæða á botninum. Þegar búið verði að leggja strenginn í skurðinn lokist skurðurinn sjálfkrafa, mishratt eftir setgerð og sjávarstraumum. Við slæðingu sé gert ráð fyrir raski á sjávarbotni og lífríki hans í slæðingarfarinu, sem verði innan við einn metra á breidd og ætlað er að plægingin í kjölfarið valdi tímabundinni röskun á botni á mjóu belt, skurður 0,75 m og plógurinn sjálfur er 5 m breiður.

Fram kemur að framkvæmdaraðili telji litla hættu á mengun af völdum sinks sem kann að leysast upp frá stálkápu strengjanna og að engin hætta verði á því að lífríki sjávar beri skaða af því. Lífverur taki sér fljótt bólfestu á sæstrengjum og oft sé meira lífríki í kringum strengi en í námunda við þá, sérstaklega þar sem farið sé um sléttan sandbotn. Umhverfisáhrif sæstrengja séu því almennt talin vera lítil sem engin.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitastjórn Rangárþings eystra, bæjarstjórn Vestmannaeyjarbæjar, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun benda á að ekki sé ljós nauðsyn þess að leggja strengi innan friðlandsins við Surtsey. Umhverfisstofnun vekur athygli á að fiskveiðar séu ekki miklar rétt utan við suðvesturhorn friðlands Surtseyjar og því sé ekki um að ræða skerðingu á veiðisvæðum þó að sæstrengirnir liggja fyrir utan friðlandsmörkin. Það sé mat stofnunarinnar að breyta eigi fyrirhugaðri legu strengjanna þannig að þeir liggja utan friðlands Surtseyjar.

Í svari Farice kemur fram að mestu máli skipti fyrir fyrirtækið að velja sléttan setbotn, sem henti best með tilliti til rekstrar og öryggis sæstrengsins og lega hans lágmarki áhrif á fiskveiðar. Samráð við Landssamband íslenskra útvegsmanna og val á hentugum botni fyrir strengina hafi leitt til þess að fyrirhuguð leið þeirra muni liggja innan jaðarsvæðis friðlands Surtseyjar. Þar verði hægt að plægja strengina ofan í setbotn og lagning þeirra hafi tímabundin áhrif. Vestan friðlands Surtseyjar sé svokallað Útsuðurhraun sem ekki sé hægt að leggja sæstreng yfir og þyrfti að flytja legu strengjanna að lágmarki 7 km til vesturs ef færa ætti strenginn út fyrir friðlandið. Slík færsla muni hafa áhrif á legu strengjanna á tuga kílómetra kafla, bæði til norðurs og suðurs. Auk þess bendir Farice á að veiðar með botnveiðarfærum séu heimilar innan friðlands Surtseyjar þar sem fyrirhugaðir sæstrengir muni liggja. Eftir lagningu þeirra verði togveiðar bannaðar í námunda við sæstrengina og því muni veiðibannssvæði í friðlandi Surtseyjar stækka um 10% (u.þ.b. 327 ha svæði) miðað við það sem nú er.

Í frekari umsögn bendir Umhverfisstofnun á að í áliti sem unnið var fyrir leiðarvalshóp samgönguráðuneytisins árið 2007, hafi verið fjallað um tvær leiðir sem báðar séu utan friðlandsins. Ekki liggja fyrir hvort þessir kostir hafi verið vegnir á móti fyrirhugaðri leið í gegnum friðlandið og því sé ekki hægt að gera raunhæfan samanburð á leiðum utan og innan friðlandsins. Vekur stofnunin athygli á að við lagningu sæstrengjanna þurfi að hreinsa botninn sem leiði til rasks á botni og lífríki hans og komi til viðhalds eða viðgerða á strengjunum innan friðlandsins í framtíðinni muni það einnig hafa í för með sér röskun. Jafnframt benti stofnunin á að Surtsey hafi nýlega verið samþykkt inn á heimsminjaskrá UNESCO og í tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrá komi m.a. fram að fiskveiðar séu leyfðar innan jaðarsvæðis en mannvirkjagerð (e. construction) ekki. Ennfremur kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar að henni hafi ekki borist formleg leyfisumsókn um lagningu sæstrengjanna í samræmi við 7. gr. auglýsingar um friðland í Surtsey, 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í frekara svari Farice er bent á að frá því að leiðarvalshópur samgönguráðuneytisins hætti störfum hafa frekari rannsóknir verið gerðar á hafsbotninum á þessu svæði og samráð verið haft við sjómenn um heppilega legu strengjanna. Ef færa ætti ljósleiðarastrengina út úr friðlandi Surtseyjar, vestur fyrir Útsuðurhraun og Skötuhygg, geti það haft áhrif á stóran hluta leiðar strengjanna um landgrunnið og því þurfi að hefja á ný vinnu við leiðarval og samráð við sjómenn. Fram kemur að val

á leið miðaði að því að finna bestu legu strengjanna m.t.t. veiða á svæðinu og þess að hægt væri að plægja sem mest af þeim í botninn. Samkvæmt reynslu af CANTAT-3 strengnum er hvort tveggja mikilvægt út frá rekstri og öryggi sæstrengjanna, bilanir á strengnum hafi ávallt verið á stöðum þar sem ekki tókst að plægja strenginn niður og skemmdir vegna togveiða helsta ástæða bilana. Varðandi það að Surtsey er nú á heimsminjaskrá UNESCO vísar Farice í bréf frá dómsmálaráðherra sem greinir frá því að málið var kynnt íslensku heimsminjanefndinni, sem ekki gerði athugasemd við framkvæmdina. Farice bendir á að umsókn um leyfi fyrir lagningu sæstrengjanna falli ekki undir matsskyldu framkvæmdarinnar en upplýsir að umsókn var nýlega send Umhverfisstofnun (11. júlí).

Áhrif á botndýralíf og búsvæði. Umhverfisstofnun vekur athygli á að markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar sé að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar sjálfrar og truflun lífríkis af völdum manna verði sem minnst. Lagning sæstrengjanna raski botni og lífríki og komi til viðhalds eða viðgerða á strengjunum innan friðlandsins í framtíðinni muni það einnig hafa í för með sér röskun.

Í svari Farice kemur fram að varðandi hreinsun á botni með slæðara áréttar Farice að tilgangurinn sé að hreinsa ónýta kapla og veiðarfæri af leiðinni áður en lagningu strengjanna hefst. Rask af þessum völdum geti varað frá nokkrum klukkustundum til nokkurra vikna og sé hliðstætt því sem verður vegna veiða með botnvörpu (þó á mjórri beltí), sem leyfðar eru á svæðinu. Framkvæmdin muni ekki hafa meiri áhrif en veiðarnar og jafnframt muni bann við botnveiðum við strengina stuðla að frekari vernd innan friðlandsins.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að kaldsjávarkóralrif við Ísland vaxi mjög hægt og séu því viðkvæm fyrir raski. Kórallasvæði sem verði fyrir raski taki áratugi eða jafnvel árhundruði að jafna sig. Fram kemur að stofnunin vinni að því að kortleggja kórallasvæði við landið og þau kórallasvæði sem hafa hingað til verið rannsökuð hafi verið friðuð af stjórnvöldum. Hafrannsóknastofnunin vekur athygli á því að fyrirhuguð lega strengjanna er yfir þekkt kórallasvæði við landgrunnsbrúnina, sem stofnunin gerði nánari grein fyrir í sérstakri greinargerð. Með upplýsingum um staðsetningu kóralla á svæðinu telur stofnunin mögulegt að draga úr líkum á óþarfa skemmdum á kóröllum.

Í svari Farice kemur fram að mögulegt verði að hliðra legu strengjanna um nokkra metra og tillit verði tekið til kórallasvæða, skv. gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar, eins og mögulegt verði.

Áhrif á menningarmínjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að ekki liggi fyrir upplýsingar um fornleifar á hafsbotninum þar sem sæstrengirnir muni verða plægðir niður, en gerir ekki kröfu um sérstaka könnun á því hvort fornleifar sé að finna á þeim svæðum. Hins vegar vekur stofnunin athygli á ákvæðum 9. gr. þjóðminjalaga (nr. 107/2001) þar sem segir að mannvirki (m.a. skipsflök eða hlutar úr þeim) 100 ára og eldri teljast til fornleifa og bendir á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt 13. gr. þjóðminjalaga.

Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að fornleifafræðingur verðiði fenginn til að skoða fjöruna á því svæði sem raskast mun vegna byggingar landtökustöðvar, lagningar bílaplans og vegna endurgerðar vegslóða niður að landtökustöðinni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Fornleifafræðistofan gerði könnun á því hvort fornleifar væru á framkvæmdasvæðinu á landi en þær fundust ekki né vísbendingar um mannvistarlög eða mannvirki.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að ósk stofnunarinnar um könnun á svæðinu hafi verið fullnægt og ljóst að engar fornleifar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu tveggja ljósleiðarasæstrengja, annars vegar frá Íslandi til Danmerkur og hins vegar frá Íslandi til Grænlands og þaðan áfram til Nýfundnaland. Strengirnir munu liggja samhliða frá Landeyjarsandi, í landi Hallgeirseyjar í Rangárþingi eystra, u.þ.b. 10 km vestan fyrirhugaðrar hafnar í Bakkafjöru og skammt suður fyrir Vestmannaeyjar, vestan við eyjarnar. Á Landeyjarsandi er fyrirhugað að reisa tengistöð fyrir endabúnað sæstrengjanna og byggja upp fyrirbyggjandi vegslóða (rúmlega 500 m langan) frá vegi nr. 252 að fyrirhugaðari tengistöðinni.

Á landi verða strengirnir plægðir niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi. Í sjó, næst landi (grynnna en 15 m), er ætlunin að nota kafara til að grafa strengina niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi en dýpra frá landi mun kapalskip leggja sæstrengina. Áður en lagning frá skipi hefst verður botn hreinsaður með því að draga slæðingartæki yfir fyrirhugaða leið sæstrengjanna en þeir síðan plægðir ofan í botninn. Skurður plógsins verði u.þ.b. 0,75 m breiður en breidd plógsins sjálfs er 5 metrar. Á djúpsævi og hraunasvæðum, eða þar sem sjávarbotninn verður mjög harður, á að leggja strengina ofan á botninn. Gert er ráð fyrir að sæstrengirnir muni liggja um jaðarsvæði friðlands Surtseyjar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á veiðar verði lítil. Samráð milli Farice og Landsamband íslenskra útvegsmanna var m.a. nýtt til að lágmarka áhrif framkvæmdanna á veiðar þar sem sæstrengirnir munu liggja um landgrunnið.

Skipulagsstofnun bendir á að togveiðar hafa lengi verið stundaðar á landgrunni Íslands þar sem sæstrengirnir verða plægðir í botn eða lagðir á hafsbotn. Með hliðsjón af því að rask af völdum togveiða hefur verið viðvarandi á framkvæmdasvæðinu um langt skeið telur Skipulagsstofnun að botndýralíf þar sem sæstrengirnir verða lagðir verði fyrir litlum neikvæðum og tímabundnum áhrifum. Kaldsjávarkóralrif eru sérstaklega viðkvæm fyrir raski og hafa íslensk stjórnvöld bannað allar veiðar á þeim kórallasvæðum sem hafa hingað til verði rannsökuð við landið. Kórallasvæði eru við landgrunnsbrún, suður af Vestmannaeyjum, þar sem fyrirhugað er að leggja sæstrengina en þau hafa enn ekki verið rannsökuð. Í ljósi þess að stjórnvöld hafa gripið til strangrar verndunar á slíkum svæðum við landið telur Skipulagsstofnun mikilvægt að framkvæmdaraðili gæti fyllstu varúðar við lagningu sæstrengja við landgrunnsbrún og taki fullt tillit til upplýsinga um staðsetningar kóralla á svæðinu, sem kynntar hafa verið í umsagnarferlinu.

Skipulagsstofnun telur að áform um að leggja sæstrengina innan jaðarsvæðis friðlands Surtseyjar, sem nú er á heimsminjaskrá UNESCO, sé vel rökstudd og ásættanleg. Íslenska heimsminjanefndin, sem ætlað er að framfylgja samningi UNESCO um menningar- og náttúruarfleifð heimsins, gerir ekki athugasemdir við framkvæmdirnar. Togveiðar hafa verið stundaðar innan jaðarsvæðis friðlandsins og gera má ráð fyrir að rask á botni vegna veiðanna hafi varað lengi. Ummerki á botni eftir plægingu sæstrengjanna verði tímabundin, verði fylgt þeirri áætlun sem Farice hefur kynnt og neikvæð áhrif á lífríki á hafsbotni verði óveruleg. Þetta byggist sérstaklega á því að togveiðar hafa verið stundaðar á svæðinu og togveiðar verða bannaðar í námunda við

sæstrengina og veiðibannssvæði friðlandsins mun því stækka miðað við það sem nú er. Skipulagsstofnun leggur þó áherslu á að framkvæmdaraðili sýni sérstaka varúð við framkvæmdina innan friðlandsins.

Skipulagsstofnun telur líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði óverulegar þar sem engar þekktar minjar eru á framkvæmdasvæðinu. Minnt er á að fara ber að ákvæðum þjóðminjalaga (nr. 107/2001) verði vart við fornminjar við framkvæmdina.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á landi verði lítil. Tengistöð á landi verður sýnilegt mannvirki en líklegt er að ummerki framkvæmda í fjörunni hverfi fljótlega eftir að þeim lýkur vegna hreyfingar á sandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Línuhönnunar, fyrir hönd Farice, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Farice vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagningu tveggja ljósleiðarasæstrengja, frá Íslandi til Danmerkur og Íslandi til Grænlands sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdir innan netlaga og á landi eru háðar framkvæmdaleyfi sveitastjórnar Rangárþings eystra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.. Sá hluti framkvæmdarinnar, sem verður innan friðlands Surtseyjar er háður leyfi Umhverfisstofnunar og Vestmannaeyjabæjar samkvæmt auglýsingu nr. 50/2006 um friðland í Surtsey. Framkvæmdin er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. ágúst 2008.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Þóroddur F. Þóroddson